

Nd.

224. Breytingartillögur

[20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir 3. gr. komi þrjár nýjar greinar, sem verði 4.—6. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (4. gr.) 2. málgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmalaflokk listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Ekki getur stjórnmalaflokkur boðið fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna, telst listinn utan flokka.

b. (5. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:

Nú deyr framboðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fyrir hendi samþykki hlutaðeigandi flokksstjórnar, ef því er að skipta, og öðrum almennum skilyrðum um framboðið fullnægt.

c. (6. gr.) 41. gr. laganna orðist svo:

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, skal merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.